

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	14.07.2017
Málalýkill	0930
Mál nr.	1707139

Reykjavík 15.07.2017

Hr. Gunnar Einarsson
Bæjarstjóri Garðabæ.

Tilvísun: Fundur um land í Kirkjubú.

Í framhaldi af fundi okkar með þér varðandi málefni uppbyggingar í Kirkjubú, þar sem þú nefndir möguleika til lausnar að við myndum hafa makaskipti við Garðabæ á landi þá er niðurstaða okkar þessi.

Við erum auðvitað ekki sáttir með hvernig þróun á málefnum Kirkjubúar hefur verið og sitjum uppi með verulegan kostnað við vinnu á hönnun, útfærslu og fjármögnun á svæðinu.

Eftir að hafa skoðað þá kosti sem voru nefndir varðandi makaskipti þá líst okkur best á nýtt uppbyggingarsvæði í Hnoðraholti, einkum vegna þess að við trúum að það verði fyrr í uppbyggingu en Álfanesið.

Hjálagt fylgja upphaflegar tillögur um skipulag á landinu sem unnið var af Guðna Pálssyni arkitekt en fáir þekkja betur til á Álfanesi en hann. Fylgiskjal merkt 1 sem sýnir tillögu sem samþykkt var í skipulagsnefnd Álfanes og er stærð skipulags land 1.828 Ha. auk lóðar við Tjarnarbrekku 15.

Fylgiskjal merkt 2 sýnir svo tillögu sem skipulagsnefnd Garðabæjar samþykkti og fór í kynningu, skipulagt land 1.538 Ha, auk lóðar við Tjarnarbrekku 15.

Okkar viðmiðun hlýtur að vera að við fáum í makaskiptum sambærilega stærð á landi og byggingarmagni og miðað er við í þessum tillögum.

Að sjálfsögðu þarf að miða við land sem er sambærilegt varðandi umhverfi og útsýni og Kirkjubúin er, sem við teljum að sé í sérflokki.

Það er erfitt fyrir okkur að tilgreina nákvæmlega hver útfærslan á þessu á að vera þar sem ekki liggur fyrir skipulag á Hnoðraholtinu.

Við teljum að einhver yfirlýsing á þessum nótum frá bænum varðandi lausn málsins sé nauðsynleg þó ekki sé hægt að klára málið endanlega.

Teljum við rétt að tillaga um frekari útfærslu og næstu skref komi frá Garðabæ.

Eðvarð Hallgrímsson / S.8935684 / edvard@simnet.is Súlunes 12, 210 Garðab.
Olafur Stefan Sveinsson / 8998077 / listakaup@heima.is Posth. 440, 201 Kopav.

Listakaup hf.

Suðurtún


